

Skýrsla vegna eftirfylgni úttektar á fæðingarvakt 23B Landspítala (LSH)

Embætti landlæknis gerði hlutaúttekt á gæðum og öryggi þjónustu á fæðingarvakt LSH í október 2016.

ÁBENDINGAR EMBÆTTIS LANDLÆKNIS AÐ LOKINNI ÚTTEKT

- Skilgreina nákvæmlega til hvaða úrræða er gripið ef árangursmælir/gæðavisir er rauður og tengja það markvissu umbótastarfi.
- Samhæfa hugtök og skilgreiningar í gæðahandbók.
- Vinna að því að skapa sameiginlega sýn milli starfsfólks varðandi framgang eðlilegrar fæðingar.
- Skýra verklag þegar kalla þarf til sérfræðilækni.
- Efla mönnun sérfræðilæknis í fæðingarteymi og aðlaga að starfsemi deildarinnar.
- Efla mönnun ljósmæðra, t.d. auka starfshlutfall þeirra.
- Auka starfshlutfall ritara á deildinni.
- Efla starfsanda og teymisvinnu.
- Bæta tækjakost deildarinnar og starfsaðstöðu.
- Bæta húsakost deildarinnar.
- Útrýma myglu.

EFTIRFYLGÐ ÚTTEKTAR

Í nóvember 2016 var í kjölfar úttektar Embættis landlæknis á fæðingarvakt LSH haldinn fundur með stjórnendum deildarinnar þar sem farið var yfir ábendingar sem Embættis landlæknis gerði í kjölfar úttektarinnar. Vegna eftirfylgni úttektar bað embættið um greinargerð frá stjórnendum fæðingarvaktar varðandi það hvernig fyrrnefndum ábendingum hefur verið fylgt eftir og bærust þær þann 20. nóvember 2017.

Fram kemur í greinargerð fæðingarvaktar og fylgiskjölum sem henni fylgja að tekið hefur verið tillit til ábendinga Embættis landlæknis og margt endurskoðað og bætt. Sem dæmi má nefna að árangursmælir varðandi hlutfall framköllunar fæðinga hafði verið „á rauðu“ í marga mánuði. Stjórnendur fæðingarvaktar brugðust við þessu og sendu bréf til ljósmæðra og lækna sem sinna mæðravernd þar sem m.a. var bent á nauðsyn þess að fylgja verklagsreglu varðandi gangsetningu fæðingar. Í kjölfarið lækkaði hlutfall gangsetninga og hyggjast stjórnendur áfram fylgjast með þessu.

Varðandi samhæfingu hugtaka og skilgreiningar þá hefur nýlega verið gefin út mjög ítarleg verklagsregla um heilsufarsflokkun fæðandi kvenna sem finna má í gæðahandbók LSH. Hvað viðkemur mismunandi sýn starfsfólks á framgang eðlilegrar fæðingar þá er það skoðun stjórnenda deildarinnar að þrátt fyrir ólíka sýn lækna og ljósmæðra þá hafi þau tamið sér fagleg vinnubrögð og í raun mest á miðri leið varðandi þetta. Í gæðahandbók er verklagsregla þar sem kemur skýrt fram hvenær þörf er á að grípa inn í eðlilega fæðingu og gengur vel að vinna samkvæmt þeirri verklagsreglu.

Embætti landlæknis gerði í úttektinni athugasemdir við verklag sem viðhaft var á deildinni þegar kalla þurfti til sérfræðilækni. Í kjölfarið var sett ný skýr verklagsregla varðandi þetta atriði þar sem tekið er fram að ef ljósmóðir eða vaktstjóri metur að tilfellið sé brýnt þá er hringt beint í sérfræðilækni á vakt og jafnframt í deildarlækni. Vaktstjórar geta alltaf kallað til sérfræðilækni ef á þarf að halda því og því engin fyrirstaða nú að kalla til sérfræðilækni hvenær sem þörf krefur.

Mönnun sérfræðilækna hefur verið aukin töluvert frá því úttekt var gerð, nú eru 15.9 stöðugildi sérfræðilækna sem taka fæðingarvaktir (voru 11,1 þegar úttekt var gerð í nóv. 2016). Auk þess eru starfandi tveir yfirlæknar og prófessor í fullu starfi og báðir yfirlæknar sinna vaktþjónustu. Þessi fjölgun sérfræðilækna hefur m.a. minnkað vaktabyrði þeirra, aukið svigrúm til að sinna gæðaverkefnum og hefur einnig aukið starfsánægju lækna deildarinnar. Þá stendur til að fjölga stöðugildum deildarlækna um tvo frá næstu áramótum (2017-2018) í samstarfi við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Varðandi mönnun ljósmæðra þá fékkst eftir að úttektin var gerð fjármagn til að bæta við hálfu stöðugildi ljósmóður og var sú aukning notuð til að bæta mönnun á kvöldvöktum. Samkvæmt nýlegri úttekt og beiðni til framkvæmdastjóra kvenna- og barnasviðs LSH þá þarf deildin að fá 2.6 stöðugildi ljósmæðra ef vel á að vera. Heimild hefur fengist til að auka stöðugildi á deildinni um 1,7 stöðugildi frá 1. janúar 2018 og verða þau fyrst og fremst nýtt til að bæta inn í klíniska mönnun. Frá 1. desember 2016 hefur ljósmóðir verið til reynslu í starfi gæða- og öryggisfulltrúa deildarinnar og starfar samkvæmt starfslýsingu. Þetta var upphaflega gert í tilraunaskyni en hefur nú verið fest í sessi þrátt fyrir að ekki hafi fengist aukafjármagn til að bæta við stöðugildum þar sem mikil þörf er á að sinna vel gæða- og öryggismálum deildarinnar. Þetta er gert með það í huga að gæða- og öryggisfulltrúi gangi í klínísk störf eftir þörfum. Embættið tekur undir með stjórnendum deildarinnar að ráðning sérfræðiljósmóður væri vel til þess fallin að efla faglegt starf á deildinni. Eftir ábendingar Embættis landlæknis býðst ljósmæðrum ekki lengur að vera í 20% starfi á deildinni, það er of lítið starfshlutfall til að með góðu móti sé að fylgjast með breytingum og nýjungum í starfinu. Nú eru flestar ljósmæður deildarinnar í 50% starfi eða meira. Stjórnendur deildarinnar meta það þannig að brýnna sé að nota fjármagn til að bæta mönnun ljósmæðra en að auka starfshlutfall ritara á deildinni þótt vissulega væri gott að hafa ritara að störfum öll kvöld og um helgar. Það hefur því ekki verið óskað eftir auknu fjármagni til að bæta í stöðugildi ritara.

Starfsandi á deildinni er góður og starfsumhverfiskönnun frá því í vor 2017 kom vel út fyrir deildina. Í ár hefur verið lögð áhersla á að innleiða SBAR kerfið (e. Situation, Background, Assessment, Recommendation) sem einn þátt í að auka öryggi sjúklinga. Samskiptakerfið er einnig til þess fallið að efla teymisvinnu og gera samskipti markvissari og faglegri.



Á fæðingarvaktinni hefur verið tekið í notkun kerfi (Milou) sem gerir kleift að fylgjast með fósturhjartsláttarritum á hvaða tölvu sem er. Á deildinni er nú skjár í vaktherbergi sem sýnir öll fósturhjartsláttarrit sem eru í gengi á deildinni hverju sinni. Verklagsregla er í vinnslu í tengslum við innleiðslu á Milou sem mun m.a. taka á því hversu oft á að meta rit með kerfisbundnum hætti.

Hvað varðar starfsaðstöðu og húsakost þá hefur það ekkert breyst frá því úttektin var gerð enda óhægt um vik hvað það varðar.

MAT EMBÆTTIS LANDLÆKNIS

Ljóst er að stjórnendur fæðingarvaktar á Landspítalanum hafa tekið tillit til flestra ábendinga Embættis landlæknis og unnið töluverða umbótavinnu varðandi marga þætti starfseminnar og er það vel. Þó vantar enn á að mönnun ljósmæðra sé nægileg og hvetur embættið stjórnendur spítalans að leita leiða til að auka stöðugildi ljósmæðra á fæðingarvakt Landspítalans.

Samantekið álit:

- | | | |
|-----------------------------|---|-------------------------------|
| 1. Stefnumörkun |  | Gott |
| 2. Stjórnun |  | Gott |
| 3. Vinnubrögð og gæðastarf |  | Gott |
| 4. Mönnun |  | Gott en ákveðinna umbóta þörf |
| 5. Húsnæði og starfsaðstaða |  | Ófullnægjandi |